

**160. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
4. maí 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmenna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð (Brekubæjarskóli - Grundaskóli)

Kynning á stöðu verkefnis.

Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Alfreði Alfreðssyni rekstrarstjóra áhaldahúss fyrir góða kynningu og fagnar þeim framkvæmdum sem eru að hefjast.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

2. 2104215 - Leikskólar - barngildi í reiknilíkani

Erindi frá leikskólastjórum Akraneskaupstaðar.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórum erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2022 ásamt skoðun á reiknilíkani, með tilliti til nýs leikskóla og inntöku yngri barna.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

3. 2104249 - Vinnuskólinn sumarið 2021

Kynning á fyrirkomulagi vinnuskólans sumarið 2021.

Ívar Orri Kristjánsson deildarstjóri í Þorpinu, Guðlaugur Þór Brandsson verkefnastjóri Vinnuskólans og Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar verkefnastjóra Vinnuskólans fyrir góða kynningu.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

4. 1906113 - Sigurfari - siglingarfélag Akraness

Húsnæðismál Sigurfara - siglingarfélags Akraness.

Bæjarráð þakkaði félaginu fyrir vandað og greinargott erindi. Bæjarráð vísaði erindinu til skóla- og frístundasráðs.

Skóla- og frístundaráð þakkar félaginu fyrir erindið og fagnar því hvað félagið hefur stækkað og eflst. Ráðið leggur til að hugað verði að í framtíðarskipulagi að húsnæði fyrir félagið. Skóla- og frístundaráð vísar því erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2022.

5. 2104221 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla - úthlutun 2021

Úthlutun fyrir 2021 kynnt.

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.
Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.